

Tillögur að lagabreytingum

Samantekt og almennar upplýsingar

Á aðalfundi FÍN árið 2025 var samþykkt að ráðast í allsherjar endurskoðun á lögum félagsins. Skipuð var nefnd til þeirrar vinnu, en formaður félagsins hefur einnig komið að þessari vinnu.

Tillögur nefndarinnar eru í grunninn unnt að skipta upp í fjóra flokka:

- [Uppsetning](#)
 - Innsetning kaflaheita
 - Endurröðun ákvæða
- [Innsetning nýrra ákvæða og uppfærslna](#)
- [Stærri uppfærsla ákvæða](#)
- [Lagfæring í tengslum við kynhlutleysis texta](#)

Nefndin útbjó nokkurn fjölda skjala í tengslum við vinnu sína, þ. á m. hvernig lög félagsins myndu líta út eftir aðalfund ef tillögur yrðu samþykktar, sér breytingaskjöl eftir eðli tillagna og heildarbreytingaskjal. Lögð er jafnframt fram kynning nefndarinnar á lagabreytingum meðal gagna á aðalfundi 2026.

Uppsetning

Við fyrstu skoðun laganna var nefndinni ljóst að uppsetninga lagaákvæða mætti vera skýrari og lögin í heild auðlesnari. Tillögur byggja fyrst og fremst á endurröðun ákvæða og kaflaskipta þeim þannig skýrt sé fyrir lesanda hvar ákvæði megi finna.

Sú **kaflaskipting** sem fram kemur í tillögum nefndarinnar eru:

1. Félagið
2. Fundir og félagskosningar
3. Stjórnskipan félagsins
4. Kjaramál og trúnaðarmenn
5. Samstarf
6. Önnur ákvæði

Kaflar fá **bláan** lit, verður bold og 18 pkt. leturstærð. Fá arabískan tölustaf fyrir framan.

Endurröðun ákvæða tengist beint þessari kaflaskiptingu þannig að ákvæði falli betur að efni. Tillaga nefndarinnar er að undir ákvæði falli með eftirfarandi hætti undir kaflana. Ath. neðangreind upptalning er byggð á heildartillögu nefndarinnar og þarf því ekki endilega að endurspegla að fullum fetum hvernig lögin myndu líta út eftir aðalfund:

1. Félagið
 - 1.1. *Hlutverk og tilgangur*
 - 1.2. *Aðild að BHM*
 - 1.3. *Aðild að félaginu*
 - 1.4. *Aðildarumsóknir*
 - 1.5. *Úrsögn og skilgreining á virku og óvirku félagsfólki*
 - 1.6. *Félagsgjöld*
2. Fundir og félagskosningar
 - 2.1. *Aðalfundur*
 - 2.2. *Félagsfundir*
 - 2.3. *Kosningar*
 - 2.4. *Kjörstjórn*
 - 2.5. *Aukaáðalfundur*
3. Stjórnskipan félagsins
 - 3.1. *Stjórn*
 - 3.2. *Formaður og varaformaður*
 - 3.3. *Afsögn stjórnar*
 - 3.4. *Kjararáð*
 - 3.5. *Síðanefnd*
4. Kjaramál og trúnaðarmenn
 - 4.1. *Trúnaðarmenn*
 - 4.2. *Samninganefndir*
 - 4.3. *Samstarfsnefndir*
 - 4.4. *Kröfugerð*
 - 4.5. *Aðgerðir*
 - 4.6. *Kjaradeilusjóður*
5. Samstarf
 - 5.1. *Fagfélög*
 - 5.2. *Nemenda- og hagsmunafélög*

- 5.3. Önnur stéttarfélög
- 6. Önnur ákvæði
 - 6.1. Reikningsár
 - 6.2. Lagabreytingar
 - 6.3. Gildistími
- Bráðabirgðaákvæði

Vert er að taka fram að ákvæði sem lagt er til að fari inn í kaflaheitið „5. Samstarf“ eru öll ný og eiga sér ekki samstæðu innan núverandi laga.

Tekin er út tilvísun til greina/gr. og notast við þrep í ákvæðatilvísunum, **þrep 2** fær bláan lit og 16 pkt. leturstærð, **þrep 3** fær undirstrikun og 12 pkt. leturstærð. Annar texti fær 12 pkt. leturstærð.

Lagt er fram sérstakt skjal sem sýna þær uppfærslutillögur nefndarinnar miðað við núverandi lög án tillits til þess hluta tillagna sem tengjast „Lagfæringu og uppfærslu á texta ákvæða“ og „Innsetning nýrra ákvæða“

Önnur ákvæði - Innsetning nýrra ákvæða og uppfærslna

Innsetning, lagfæring og uppfærsla ákvæða má skipta upp í tvennt; 1) Lagfæring á texta í takt við starfsemi félagsins sem og uppfærslur í samræmi við þróun ýmissa þátta félagsins, hlutverk þess. 2) Breyttar áherslur hvað varðar Sam- og fagstarf innan þess. Allar tillögur hér eiga það sammerkt að vera í takti við stefnumótum stjórnar félagsins, í samræmi við raunstarfsemi félagsins og í samræmi við markmið félagsins um að hámarka getu þess til að vera samkeppnishæft og vinna að bættum kjörum og starfsumhverfi félagsfólks.

Uppfærslur og lagfæring á texta

Margt hefur ratað á borð félagsins síðustu ár og áratugi og hefur starfsemin þurft að takast á við breytingar í þjóðfélaginu og þróun í starfsemi stéttarféлага. Meðal þess er að hið klassíska umhverfi kjaravörslu hefur breyst hratt á síðustu 3-5 árum sem og tengingar félagsfólk við sín félög. Jafnframt hefur tækniþróun og nýjar kynslóðir breytt því hvernig taktur samfélagsins slær.

Meðal þess sem nefndin hafði að leiðarljósi er að lög félagsins séu í takti við samfélagið, séu lýðræðisleg og hafi jafnframt nauðsynlegan sveigjanleika til þess að félagið geti dafnað og staðið undir því hlutverki sem því er ætlað til framtíðar. Þá er lagt til að bætt verði við nýjum liðum undir tilgangi félagsins sem ávarpa fagfélög og samstarf í samræmi við raunverulega starfsemi félagsins í dag.

Nefndin gerir jafnframt tillögur að minniháttar lagfæringum á texta til frekari skýringa m.a. með það að markmiði að framsetning texta sé skýr og skiljanleg.

Tillögur nefndarinnar undir þessum lið eru að mestu minniháttar og hafa að jafnaði takmörkuð efnisleg áhrif.

Samstarf og fagstarf

Félagið hefur á síðustu misserum statt og stöðugt unnið að frekari samstarfi við önnur félög með það að markmiði að auka félagsvitund og áhrif félagsins á vettvangi þess. Í þessu hefur falist aukin tengsl við fagfélög félagsfólks með sérstökum samstarfssamningum. Þá hefur samstarf við nemendafélög háskólanema verið aukið auk samstarfs við BHM og önnur stéttarfélög innan og utan bandalagsins. Ákall hefur verið um þessa þætti og hefur slíkt m.a. komið fram í stefnumótum stjórnar og breytingum á hlutverki félagsins á aðalfundi 2024 þar sem félagið varð bæði fag- og stéttarfélag.

Nú þegar hafa verið gerðir fjórir samstarfssamningar við fagfélög félagsfólks og eru fleiri í burðarliðnum eftir virkt samtal við fjölda fagféлага. Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga að FÍN er í grunninn fagfélag og fyrstu áratugirnir í starfi félagsins einkenndust öðru fremur að því að unnið var að uppbyggingu fagstétta innan náttúruvísinda og aukinni meðvitund almennings á þeim fjölmörgu störfum sem þar eru undir. Vel hefur tekist að auka samstarf og samtal milli félagsins og fagféлага og hefur þessi framtaki verið vel tekið af fagfélögum. Með þessu eykst tengslanet FÍN við félagsfólk og dagleg störf þess, sem aftur eykur líkurnar á að félagið eflist og stækki til lengri tíma lítið.

Nefndin telur mikilvægt að sú vinna haldi áfram og sett verði ákvæði í lög félagsins til að sýna mikilvægi og stefnu og vilja félagsins til víðtæks samstarfs. Tillögur nefndarinnar snúa fyrst og fremst að fagfélögum, nemenda- og hagsmunafélögum auk annarra fag- og stéttarféлага. Slíkt samstarf grundvallast að sjálfsögðu á sameiginlegum hagsmunum félagsfólks FÍN og samstarfsaðila. Sjá nánar í liðum 23 – 26.

Stærri uppfærsla ákvæða

Stjórn, Kjararáð og framkvæmdastjórn

Í dag byggir stjórnskipan félagsins á fjórþættri skiptingu þar sem aðalfundur félagsins hefur æðsta vald innan félagsins. Stjórn tuttugu aðila fer með stjórnun félagsins milli aðalfunda og framkvæmdastjórn starfar í umboði hennar, en í henni sitja auk formanns og varaformanns, ritari stjórnar, gjaldkeri félagsins og einn meðstjórnandi. Síðustu ár hefur formaður félagsins einnig verið framkvæmdastjóri þess en í dag er sérstakur framkvæmdastjóri hjá félaginu sem er starfsmaður en ekki félagspólitískt kjörinn fulltrúi. Tilvist framkvæmdastjóra er ekki sérstaklega tilgreind í núverandi lögum félagsins nema í tengslum við veitingu bráðabirgðaaðildar að félaginu, en ráðning framkvæmdastjóra var tilgreind í fyrri útgáfum laganna og er nú endurvakin.

Hlutverk stjórnar er ekki sérstaklega skilgreint í lögum félagsins en í reynd hafa verkefni hennar verið allt frá því að vera stærstu stefnumarkandi ákvarðanir niður í hin smæstu rekstrarlegu atriði. Í seinni tíð hefur þó starf stjórnar aðallega snúið að kjara- og réttindamálum sem og stefnumörkun. Framkvæmdastjórn hefur í auknum mæli stýrt rekstri félagsins og létt þar með á verkefnaálagi stjórnar. Í þessu fyrirkomulagi felst þó að framkvæmdastjórn er ekki kjörin beinni kosningu af félagsfólki sem slík, heldur er hún fulltrúaráð eða hlutmengi starfandi í umboði stjórnar.

Sögulega þá byggir stærð stjórnar FÍN á sameiningu fyrrum Kjararáðs og fyrrum stjórnar félagsins í eina einingu – stjórn FÍN. Þar var öllum verkefnum beggja stofnana steipt saman og heildarfjöldi meðlima Kjararáðs og stjórnar var svo til óbreyttur að því loknu. Á þessum tíma voru hins vegar tveir formenn sitjandi í félaginu, einn í stjórn og annar í Kjararáði. Reynslan af þessu var ekki nægilega góð, þar sem formennirnir tveir voru eðli málsins samkvæmt stundum ósammála. Við þetta skapaðist núningur og á stundum deilur innan félagsins um það hvorri nefndinni væri ætlað vald í mismunandi málum þar sem formennirnir tveir voru ósammála.

Í endurskoðun laganefndarinnar var skoðað sérstaklega núverandi stjórnskipunarform félagsins og var niðurstaða hennar að leggja til breytingar. Byggir tillagan m.a. á lögum annarra félaga sem og vilja til að ná fram aukinni skilvirkni í rekstri og ákvarðanatöku sem og skýrari verkefnaskiptingu stofnana félagsins.

Telur nefndin rétt að Kjararáð verði endurstofnað og því falið skýrt, en jafnframt mikilvægt hlutverk í samræmi við það sem núverandi stjórn hefur í raun fengist við í seinni tíð. Kjararáð muni þannig hafa með höndum stefnumarkandi hlutverk með áherslu á kjara-, fag- og réttindamál félagsfólks. Stjórn verði að sama skapi minnkuð og framkvæmdastjórn lögð niður.

Reynslan sýnir jafnframt að tilvist framkvæmdastjóra til daglegs rekstrar og stjórnunar er nauðsynlegur og telja verður rétt að slíkur aðili sé ekki félagspólitískt kjörinn, m.a. svo aðhald í rekstri og armslengd milli pólitískra væringa og starfsfólks sé tryggt.

Í beinu samhengi við endurvakningu Kjararáðs og skiptingu verkefna milli tveggja stofnana þá gerist ekki þörf á því að vera með tuttugu manna stjórn og því er lagt til að stjórn verði minnkuð eins og áður sagði. Í öðrum félögum er að finna fimm til sjö manna stjórnir og telur nefndin rétt að leggja til að í stjórn sitji sjö aðilar, þ.e. fimm aðilar auk formanns og varaformanns auk tveggja til vara. Stjórnin sem og Kjararáð verði kosin beinni kosningu á eða í aðdraganda aðalfundar. Stjórnin taki við hlutverki hinnar fimm manna framkvæmdastjórnar sem lögð verður af.

Grunnhugmyndin að Kjararáði er að formfestur sé mikilvægasti hlutinn af verkefnum núverandi stjórnar sem snúa að kjaramálum o.fl. Þá er ekki síður markmiðið að halda utan um þá mikilvægu

þekkingu sem og félagsauð sem einkennt hefur hina stóru stjórn til þessa sem er einn af verðmætustu þáttunum í starfsemi FÍN. Kjararáði er ætlað að fylgja eftir stefnu og ákvörðun aðalfundar sem og stefnumótunarfunda félagsins og vera jafnframt samráðsvettvangur félagsfólks í kjara-, réttinda- og fagmálum. Þannig er ráðinu ætlað að vera drifkrafturinn í kröfugerð fyrir kjarasamninga, skipa samninganefndir félagsins og móta afstöðu félagsins að öðru leiti í þessum fyrrnefndum málaflokkum. Því er mikilvægt að stærð Kjararáðs sé nægjanleg þannig að ráðið endurspegli sem best þverskurð félagsfólks og sjónarmið sem flestra með líkum hætti og stjórn hefur gert síðustu ár. Ein mikilvægasta auðlind stéttarfélaganna eru trúnaðarmenn þess á vinnumarkaði og verða fulltrúa þeirra að eiga sæti í Kjararáði auk almenns félagsfólks. Því er lagt til að trúnaðarmenn kjósi úr sínum röðum tvo trúnaðarmenn í kjararáð í stað eins í núverandi stjórn. Eðlilegt þykir að stjórn sitji í Kjararáði en verði þar í minnihluta á mótum fulltrúum kjörnum á aðalfundi og trúnaðarmönnum. Formanni félagsins er ætlað það hlutverk að leiða báðar stofnanir félagsins til þess að tryggja samfellu og samráð aðila og koma í veg fyrir þau vandkvæði sem fylgdu hinu eldra fyrirkomulagi tveggja formanna sem lýst er hér að framan.

Vert er að taka fram að slíkar stærri breytingar er ekki eðlilegt að gera með einu pennastriki. Hér á eftir er því útlustuð vegferð til tveggja ára í átt að þessu markmiði, enda mikilvægt að ný stjórnskipun sé komin til framkvæmdar fyrir kjaralotuna 2028. Þær breytingar sem lagðar eru til hér taka eðli málsins samkvæmt ekki gildi fyrr en eftir aðalfund 2026. Á aðalfundi 2026 verður þannig kjörið í níu sæti aðalfulltrúa í stjórn en átta voru kjörnir á aðalfundi 2025. Er því ekki unnt að breyta fyrirbyggjandi og verðandi kjöri stjórnarmanna né að kjósa fulltrúa inn í Kjararáð fyrr en á aðalfundi 2027. Lagt er því til að ákveðið aðlögunartímabil vegna stjórnar og Kjararáðs fram til aðalfundar 2028, sem og að framkvæmdastjórn starfi óbreytt fram að aðalfundi 2027. Taflan hér að neðan lýsir ferli skipunar stjórnar og Kjararáðs til og með aðalfundi 2028:

Eftir aðalfund 2026

Kjararáð	Stjórn
- Formaður – 1	- Formaður – 1
- Varaformaður – 1	- Varaformaður – 1
- Stjórn – 17 aðilar	- Fulltrúar kjörnir 2025 – 8
- Fulltrúi trúnaðarmanna – 1	- Fulltrúar kjörnir 2026 – 9
	- Fulltrúi trúnaðarmanna – 1
- Samtals 20	- Samtals 20

Eftir aðalfund 2027

Kjararáð	Stjórn
- Formaður – 1	- Formaður – 1
- Varaformaður – 1	- Varaformaður – 1
- Stjórn – 11 aðilar	- Fulltrúar kjörnir 2026 – 9
- Fulltrúar trú.m. kjörnir 2027 – 2	- Fulltrúar kjörnir 2027 – 2
- Fulltrúar aðalfundar – 5	
- Samtals 20	- Samtals 13

Eftir aðalfund 2028

Kjararáð	Stjórn
- Formaður – 1	- Formaður – 1
- Varaformaður – 1	- Varaformaður – 1
- Stjórn – 5 aðilar	- Fulltrúar kjörnir 2027 – 2
- Fulltrúar trú.m. kjörnir 2027 – 2	- Fulltrúar kjörnir 2028 – 3

- Fulltrúar trú.m. kjörnir 2028 – 2
- Fulltrúar aðalf. kjörnir 2027 – 5
- Fulltrúar aðalf. kjörnir 2028 – 4
- **Samtals 20**

- **Samtals 7**

Kjörstjórn

Í nágildandi lögum hvílir ábyrgð á kosningum, boðun aðalfundar o.fl., auk kjörgengis og kosningaréttar félagsfólks á herðum stjórnar, ásamt skyldum gagnvart frambjóðendum. Í framkvæmd hafa þessi verkefni hvílt á starfsfólki skrifstofu og formanni.

Tvær meginástæður fyrir tillögum laganeftdar um innleiðingu kjörstjórnar er annars vegar að aðgreina úrskurðaraðila frá stjórnarmeðlimum sem gætu haft hagsmuni af niðurstöðu og hins vegar valdefla og efla virkni aðila er hafa þessa ábyrgð. Horft er til ákvæða laga BHM í þessu samhengi og hlutverks Kjörstjórnar sem þar kemur fram.

Skipun í Kjörstjórn er úr hópi félagsfólks en mikilvægt er að lögfræðingur félagsins sitji í það minnsta fundi Kjörstjórnar og sé starfsmaður hennar til að tryggja að lágmarks lögfræðileg þekking sé innan Kjörstjórnar.

Vegna eðli gildistöku lagabreytinga þá yrði ekki kjörið í Kjörstjórn á aðalfundi 2026 og er því lagt til að Kjararáð skipi í Kjörstjórn til aðalfundar 2027 þar sem fyrst yrði kosið í Kjörstjórn.

Lagfæring í tengslum við kynhlutleysi texta

Á fyrrum aðalfundum félagsins hafa komið fram beiðnir um lagfæringu texta í tengslum við kynhlutleysi laganna. Nefndin hefur tekið þessa eldri beiðni sem og samþykkt síðasta aðalfundar til skoðunar og útfærslu. Nefndin telur mikinn samhljóm vera í félaginu að félagið fylgi þróun í málvari og nútímavæðingu texta og leggur því fram tillögu að slíkri lagfæringu. Þær tillögur einar og sér fela ekki í sér neinar efnislegar breytingar á lögum félagsins.

Í tillögum nefndarinnar vegna lagfæringa og uppfærslu texta má sjá slíkar leiðréttingar samhliða en einnig fylgir sérstakt skjal tengt kynhlutleysi texta einvörðungu. Komi til þess að aðalfundur samþykki ekki eina eða fleiri tillögur nefndarinnar þá getur þurft að horfa til tilnefnds skjals og tillagna nefndarinnar hvað það varðar til að kynhlutleysa lögin.

Kaflar um formann og varaformann

Í nýjum lögum er sérstakur kafli um formann og varaformann félagsins. Þar er farið ítarlegar en áður yfir kjör þeirra og hlutverk. Þá er tekinn af allur vafi um hvað gera skuli ef annar hvor aðillinn segir af sér eða færast á milli embætta. Nýleg reynsla í félaginu undirstrikar mikilvægi þess að þessi atriði séu skýr. Grundvallast ný ákvæði á því að formaður skuli einungis vera í kjöri þau ár sem ber upp á slétta tölu en varaformaður þau ár sem ber upp á oddatölu. Mikilvægt er fyrir félagið að halda slíkum kjörtakti til lengri tíma litið til þess að halda samfellu í rekstri félagsins og þekkingu innan þess. Því tekur varaformaður sæti formanns að næsta slétta ártali hætti formaður, en stjórn skipar úr sínum röðum varaformann að næsta aðalfundi á oddatöluári hætti varaformaður eða gerist formaður.

Í tillögunum er gert ráð fyrir að kjörtímabil formanns verði lengt úr tveimur árum í fjögur en kjörtímabil varaformanns verði áfram tvö ár í senn.

Hvað varðar kjörtímabil formanns er litið til þess að í seinni tíð, með fjölmennara og flóknara félagi, varð formaður launaður starfsmaður félagsins í fullu starfi. Það hefur sýnt sig almennt innan BHM að fólk sem situr í launuðu starfi annars staðar veigrar sér við því að fórnast starfi sínu og réttindum þar fyrir einungis tveggja ára starfsöruggi í stéttarfélagi í senn. Þetta getur komið niður á möguleikum félaga til þess að fá til sín einstaklinga í formennsku með reynslu, tengsl og þekkingu úr þeim greinum atvinnulífsins sem félögin grundvallast á. Því hefur bandalagið sjálft, sem og önnur félög innan þess verið að vinna að breytingum laga í þessa veru og sem dæmi er í umræðunni nú að lengja kjörtímabil formanns BHM. Til þess að vega á móti lengdu kjörtímabili er ákvæði um samfellda setu formanns þrengt úr tíu árum niður í átta ár samfellt eða í tvö fjögurra ára kjörtímabil. Sú regla gildir ennfremur um stjórn félagsins og varaformann, þ.e. fjögur tveggja ára kjörtímabil. Slíkt gildir hins vegar ekki um hið endurstofnaða Kjararáð félagsins. Þar er litið til þess að Kjararáð, ólíkt stjórn félagsins, er ætlað að byggja fremur á breiðum grunni félagsauðs og sinni stefnumótunarhlutverki en ekki beinni stjórnun.

Félagsaðild og praktískir þættir því tengdu

Í nýjum lögum er leitast við að skýra betur hvað felst í aðild að félaginu og hvaða þætti þarf að uppfylla til þess að viðkomandi sé gjaldgengur FÍN-ari. Eitt að því sem horft er til þarna er mikilvægi þess að félagsaðild myndist sjálfkrafa þegar viðkomandi félagsmaður velur stéttarfélag hjá vinnuveitanda. Þetta

er talinn mikilvægur þáttur þegar horft er til samkeppni við önnur félög. Nú er svo komið að vinnuveitendur kanna bakgrunn starfsfólks m.t.t. menntunar þegar röðun fer fram og þannig er tryggt í langflestum tilfella að viðkomandi hefur að lágmarki fyrstu háskólagráðu, sem jafnframt er hið venjubundna inntökuskilyrði í FÍN. Til þess að tryggja sem best að félaginu berist tengiliðaupplýsingar um félagsfólk, sem er afar mikilvægt félaginu, er gert ráð fyrir að kosningaréttur og kjörgengi myndist ekki fyrir en umsókn hefur verið fyllt út. Þá er enn gert ráð fyrir að slíkur réttur myndist aldrei fyrir en að sex mánuðum liðnum og er það í samræmi við reglur sjóða BHM.

Almennt er það svo að þegar skilagreinar berast félaginu frá vinnuveitanda í fyrsta sinn fær viðkomandi starfsmaður í kjölfarið sent bréf frá FÍN þar sem m.a. er útlitað nákvæmlega hvernig skráning fer fram. Í praxís hefur vandamál félagsins snúið að því að verða sér úti um netföng félagsfólks, sem því miður berast sjaldnast frá vinnuveitendum. Netföngin eru eðli málsins samkvæmt nauðsynleg til þess að geta verið í sambandi við félagsfólk. Lausnin á þessu vandamáli er snúin en fælist helst í tveimur þáttum. Í fyrsta lagi vinnu við að bæta tengingar við umsóknarkerfi sjóða BHM þar sem félagsfólk á helst snertiflöt við félagið og gefur þar upp netfang og uppfærir jafnframt þegar t.d. sótt er um sumarhús. Hins vegar er þá hugmyndin að kjörgengi og atkvæðisréttur myndist ekki í félaginu fyrir en umsókn hefur verið skilað inn rafrænt til félagsins.

Í undanþágukafla aðildarumsóknar eru ákvæði um undantekningar vegna menntunar rýmkuð ögn til samræmis við önnur almenn stéttarfélög innan BHM og eins er þar skilgreint að stjórn skeri úr um vafaatriði því tengdu.

Kafli um úrsögn úr félaginu er lítið breyttur en þó er þar skerpt á nokkrum atriðum m.a. hvað varðar úrsögn vegna boðaðra verkfallsaðgerða.